

## **Borgarstjórn Reykjavíkur**

**31. mars 2015**

Tillaga um að haldin verði afrekasýning kvenna á Íslandi í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Hátíðarfundur kvenna í borgarstjórn samþykkir að standa fyrir afrekasýningu kvenna á Íslandi í Tjarnarsal í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Við undirbúning verði leitað eftir ábendingum og efni frá íslenskum konum um áfanga og réttindi þeirra, bæði persónuleg og opinber.

Greinargerð:

Á þeim 100 árum sem liðin eru frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt hefur samfélagið tekið miklum breytingum. Staða kvenna í dag er allt önnur en hún var þá og hún er enn að taka breytingum. Stundum er hægt að setja niður dagsetningar og merkja atburðina inn í dagatal og sögubækur. Stundum er hægt að benda á þá manneskju sem með ákveðnum gjörðum tók virkan þátt í að færa samfélagið nær jafnrétti. En oftar er byltingin þögul og dregin áfram af ónefndum hvunndagshetjum sem með sinni hegðun og hvatningu eða gjörðum stuðla að bættri stöðu kvenna. Hvaða merkingu hafði það þegar Aníta Hinriksdóttir varð heims- og Evrópumeistari í 800 metra hlaupi og lét alla langa til að hlaupa eins og stelpa? Hvaða merkingu hafði það þegar Kolrassa krókríðandi varð fyrsta stúlknasveitin til að vinna Músíktílaunir? Hvernig verður viðhorf næstu kynslóðar til íþróttar, sem í dag þekkir stelpurnar okkar jafn vel og strákana okkar? Baráttan fyrir jafnrétti á sér stað á hverjum degi og er háð af fjöldanum af hetjum sem sumar munu skrá nafn sitt í sögubækurnar en aðrar ekki. Markmiðið með þessari afrekasýningu er að draga fram hvernig baráttan fyrir jafnrétti er barátta okkar allra og læra nöfnin á fleiri hvunndagshetjum.